


Eldisstöðin Ísþór  
Nesbraut 25  
815 Þorlákshöfn



Reykjavík 3. október 2017  
UST201706-186/S.P.  
08.03

### **Efni: Áminning og krafa um úrbætur**

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 13. september sl. þar sem tilkynnt var um áform stofnunarinnar að áminna Eldisstöðina Ísþór ehf. vegna frávíks frá starfsleyfi. Frávikið sem um ræðir eru vanskil á grænu bókhaldi.

**Umhverfisstofnun hefur ekki borist grænt bókhald frá rekstraraðila. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila áminningu og krefst úrbóta, sbr. 2. tl. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, fyrir frávikið. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn grænt bókhald til og með 17. október 2017.**

Sinni rekstraraðili ekki kröfum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og boðið upp á andmælafrest.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 65. gr. laga nr. 7/1998 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður nú innheimt samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er kr. 26.400.**

Áminning þessi verður birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [svava.petursdottir@ust.is](mailto:svava.petursdottir@ust.is). Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Svava Pétursdóttir  
lögfræðingur